

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b, 105 Reykjavík

Reykjavík, 6. nóvember 2024
UST202410-085/E.S.F.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Matsskyldufyrirspurn - Hringvegur um Hornafjörð - Breyting á tengingum

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 9. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Framkvæmdin felst í breytingu á tengingum við nýjan Hringveg um Hornafjörð. Breytingin felst í því að útbúa hringtorg sem er annars vegar vegtenging Hafnar við Hringveginn og hins vegar tenging við Nesjahverfið og sveitina til norðurs.

Verndarsvæði

Umhverfisstofnun bendir á að innan framkvæmdasvæðisins er lítt raskað votlendi, sjávarfitjar og leirur sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í framkvæmdalýsingunni kemur einnig fram að vegtengingarnar liggja um svæði sem flokkast sem aðrar náttúruminjar. Um er að ræða svæði nr. 629, Skarðsfjörð, en um það segir í Náttúruminjaskrá: *Skarðsfjörður, Hornafjarðarbæ (áður Nesjahr. og Höfn), A-Skaftafellssýslu. (1) Fjörur, grunnsævi, eyjar og sker í Skarðsfirði öllum, ásamt Álaugarey. (2) Lífauðugar leirur og grunnsævi með miklu fuglalífi. Álaugarey er jarðfræðilega sérstæð.¹*

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Fram kemur að óhjákvæmilegt sé að raska vistgerðum sem njóta sérstakrar verndar til að tryggja bætt umferðaröryggi en hversu mikil sú röskun verður er háð því hvaða kostur verður fyrir valinu. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem tillagan gerir ráð fyrir röskun á náttúrufyrirbærunum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr.

¹ <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/austurland/>

skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd.

Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við.

Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins. Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir rökun. Umhverfisstofnunar telur mikilvægt að lágmarka svæði sem er raskað.

Votlendi

Í greinargerð kemur fram að nýjar vegtengingar munu liggja um votlendi og raska því að hluta til. Auk þess kemur fram að þar sem vegur liggur um votlendi getur staða grunnvatns breyst. Mikilvægt er að draga úr þeim áhrifum eins og kostur er. Umhverfisstofnun telur jákvætt að settur sé fljótandi vegur og forðast sé að grafa nýja skurði og rásir. Auk þess telur Umhverfisstofnun mikilvægt að setja ræsi eða pípur í alla farvegi, skurði og lægðir þar sem vatn hefur runnið til að líkja sem best eftir náttúrulegu flæði, takmarka mun á vatnsþrýstingi ofan og neðan við veg og þannig takmarka áhrif á grunnvatnsstöðu.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt kafla 2. Viðauka III, reglugerðar nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun má hæð grunnvatnsborðsins ekki verða fyrir breytingum af mannavöldum sem gætu haft í för með sér umtalsvert tjón á landvistkerfum sem eru háð grunnvatnshlotinu beint. Ef talið er að breytingar á magnstöðu grunnvatns geti haft neikvæð áhrif á votlendisvistkerfi svæðisins þarf að meta þá hættu.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að votlendi hefur margvíslegt gildi og má skipta mikilvægi þess í þrjá flokka.

- Vatnsfræðilegt gildi: Í miklum rigningum taka votlendissvæði til sín vatn en miðla því frá sér í þurrkatíð. Þannig viðhalda votlendissvæði jöfnu rennsli í ám og lækjum sem er mikilvægt fyrir þær lífverur sem þar búa.
- Næringarfræðilegt gildi: Mýrar geyma verulegt magn kolefna sem verða til við niðurbrot jurtaleifa. Breytingar á t.d. hitastigi og vatnsborði mýra geta valdið aukinni losun kolefnis sem getur haft áhrif á heimsvísu.

- Vistfræðilegt gildi: Votlendi er mikilvægt búsvæði fugla og plantna og fjölmargar tegundir byggja tilvist sína á því. Votlendi getur þannig aukið verulega líffræðilega fjölbreytni viðkomandi landsvæðis.

Umhverfisstofnun telur það jákvætt að hugað sé að endurheimt votlendis sem hluta af mótvægisáðgerð, en bendir á mikilvægi þess að það komi fram í greinargerð hvaða svæði muni verða fyrir valinu til endurheimtar. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að ofangreindar mótvægisáðgerðir verði notaðar til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á vatnshlot.

Vistgerðir og fuglalíf

Innan framkvæmdasvæðisins eru margar vistgerðir með hafa ýmist mjög hátt eða hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar, þ.e.a.s. gulstararflóavist, starungsmýrarvist, grasmóavist, língresis- og vingulsvist og sjávarfitjungsvist.

Allar þessar vistgerðir nema sjávarfitjungsvist eru gæddar ríkulegu fuglalífi og dæmi um helstu varpfugla eru jaðrakan, stelkur, spói, lóuþræll og óðinshani en það eru allt ábyrgðategundir Íslands. Miðað er við að 20% af Evrópustofni viðkomandi tegundar nýti Ísland til varps eða komi hér við á ferðum sínum til þess að kallast ábyrgðategund.²

Sjávarfitjungsvist, gulstararfitjavist og leirur sem eru innan framkvæmdasvæðisins eru meðal mikilvægustu fæðuöflunarsvæða fyrir and- og vaðfugla. Leirur eru einnig á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar en verndargildi þeirra ræðst af leirugerð. Lífsskilyrði á leirum geta gjörbreyst ef breyting verður á vatnsskiptum en slíkt getur gerst bæði vegna athafna manna eins og t.d. veglagningu eða af náttúrulegum orsökum.³ Í framkvæmdartilkynningunni kemur fram að nokkur óvissa virðist vera varðandi nákvæma afmörkun vistgerða. Gulstararfitjavist hefur mjög hátt verndargildi og er mjög sjaldgæf á landsvísu. Allir valkostir fara um þá vistgerð og báðar hringtorgarlausnir í svipuðu flatarmáli. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að heildarumfangi á raski verði haldið í lágmarki.

Áhrif á vatn

Fram kemur í tilkynningunni að fyrirhugað framkvæmdasvæði er innan grunnvatnshlotsins Austfirðir (102-292-G) og yfirborðsvatnshlotsins Skarðsfjörður (103-56-T), sem flokkast sem árósavatn.

Fyrir allar framkvæmdir sem geta haft áhrif á vatn þarf að vinna áhrifamat í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og í samræmi við markmið vatnaáætlunar 2022-2027.⁴ Þar kemur fram að öll vatnshlot eiga að uppfylla þau umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir þau. Markmiðin eru lagalega bindandi og má ástandi vatnshlota ekki hnigna, hvorki tímabundið né varanlega.

² <https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/forgangstegundir-fugla>

³ <https://www.ni.is/is/grodur/vistgerdir/fjara/leirur>

⁴ [Vatnaáætlun Íslands 2022-2027](#)

Umhverfismarkmið grunnvatnshlotsins eru að hafa góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand, bæði magnstaðan og efnafræðilega ástand þess er óþekkt eins og er. Umhverfismarkmið yfirborðsvatnshlotsins eru að hafa að minnsta kosti mjög gott vistfræðilegt ástand og gott efnafræðilegt ástand. Efnafræðilegt ástand þess er hins vegar óþekkt og það hefur ekki verið flokkað út frá vistfræðilegu ástandi. Fyrirhugaðar framkvæmdir geta haft áhrif á á líffræðilega, eðlisefnafræðilega og vatnsformfræðilega gæðapætti og er því mikilvægt að meta framkvæmdina út frá m.a. þeim þáttum.

Áður en hægt er að veita leyfi fyrir framkvæmdinni þarf að liggja fyrir mat á áhrifum hennar á vatnshlotin. Í tilfalli grunnvatnshlotsins þarf að meta áhrif á þá gæðapætti sem skilgreindir hafa verið til ástandsflökkunar grunnvatns (sjá kafla 3.1 í [vatnaáætlun](#)). Gæðapættir fyrir árósvatnshlot hafa ekki enn verið skilgreindir og því þarf að meta hvaða gæðapættir eru viðeigandi hverju sinni, m.t.t. eðlis vatnshlotsins, svo sem seltu. Sem viðmið má nota þá almennu matsþætti sem settir eru fram í kafla 1, viðauka III, reglugerðar nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Umhverfisstofnun bendir framkvæmdaraðila á að hafa samband við Hafrannsóknastofnun sem hefur sérþekkingu á mati á gæðapáttum vatnshlota og getur aðstoðað við mat á áhrifum framkvæmda á árósvatnshlot. Með matinu er ætlunin að kanna hvort framkvæmdin geti valdið því að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir vatnshlotin náist ekki. Æskilegt er að áhrifamat á vatnshlot sé gert sem fyrst þegar undirbúningur framkvæmda hefst og sé því hluti af skipulagsferli og umhverfismatsferli. Áhrifamatið þarf að liggja fyrir áður en leyfisvinnsla hefst en leyfisveitendur skulu taka afstöðu til matsins við leyfisvinnslu.

Í áhrifamatinu þurfa að vera upplýsingar um:

- Vatnshlotin sem um ræðir (nafn og númer), ástand þeirra, núverandi álag og umhverfismarkmið.
- Áhrif vegna framkvæmdarinnar og hvernig hún hefur áhrif á þá gæðapætti sem notaðir eru til að ástandsmeta vatnshlotin. Athuga skal að ekki er alltaf nauðsynlegt að gera ítarlegt mat á áhrifum á alla gæðapætti. Í sumum tilvikum eiga ákveðnir gæðapættir ekki við en þá þarf að færa rök fyrir því. Ef greind eru líkleg neikvæð áhrif á gæðapættina vegna framkvæmdarinnar þarf að gera sérstaklega grein fyrir þeim tengslum og umfangi áhrifanna. Hafa þarf í huga bæði bein og óbein áhrif.
- Hvort hætta sé á því að umhverfismarkmið vatnshlotanna náist ekki vegna framkvæmdanna.
- Hugsanlegar mótvægisaðgerðir til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif.

Ef áhrifamatið leiðir í ljós að ástand vatnshlots gæti mögulega versnað vegna framkvæmdarinnar getur framkvæmdaraðili, að uppfylltum skilyrðum 18. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, óskað eftir heimild Umhverfisstofnunar til breytingar á vatnshloti.

Samstarfssamningur

Í greinargerð er tekið fram að Vegagerðin og Umhverfisstofnun hafa gert með sér samstarfssamning hvað varðar útfærslu á frágangi framkvæmdarsvæða. Stofnunin vill benda á að þessi samningur rennur út 31. desember 2024 og verður því ekki lengur í gildi þegar framkvæmdin á sér stað. Ekki liggur fyrir á þessum tímapunkti hvort samningurinn verður endurnýjaður eða ekki en ljóst er að Umhverfisstofnun verður ekki til í núverandi mynd eftir lok árs 2024.

Frágangur

Í greinargerð kemur fram að mótvægisáðgerðir felist einkum í vönduðum frágangi þeirra svæða sem verði raskað við vegagerðina. Umhverfisstofnun vill benda á það að í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda kemur fram að það *geti ekki talist til mótvægisáðgerða að fara að lögum eða viðhafa að öðru leyti sjálfsögð vinnubrögð við framkvæmdir, t.d. haga frágangi efnistökusvæða samkvæmt lögum um náttúruvernd eða forðast jarðrask við framkvæmdir eins og kostur er.*⁵

Niðurstaða/Niðurlag

Umhverfisstofnun telur að umfjöllun í greinargerð um möguleg umhverfisáhrif sem framkvæmdin getur valdið hafið verið fullnægjandi og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri

⁵ https://www.skipulag.is/media/umhverfismat/leidbeiningar_um_mat_a_umhverfisahrifum_framkvaemda.pdf

Vegna: Máls nr. 1207/2024, Hringvegur um Hornafjörð - Breyting á tengingum (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Meðfylgjandi er umsögn umhverfis- og skipulagsnefndar. Sá fyrirvari er gerður að bæjarstjórn staðfesti umsögn en umsagnarfrestur verður liðinn þegar það verður gert.

Tekin fyrir beiðni frá Skipulagsstofnun dags. 9. október 2024 um umsögn vegna fyrirspurnar um matsskyldu vegna áforma um að gera hringtorg í stað tveggja T-gatnamóta á vegkaflanum á milli Hafnar og Nesja. Framkvæmdin er í samræmi við aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030.

Umhverfis- og skipulagsnefnd telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum og mótvægisáðgerðum. Nefndin telur að framkvæmdin skuli ekki háð umhverfismati að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Framkvæmdin er framkvæmdaleyfis skyld. Málinu vísað til bæjarstjórnar.

Höfundur: Guðrún Agða Aðalheiðardóttir/gudrunagdah@gmail.com

Sent inn þann: 04.11.2024, **Fyrir hönd:** Sveitarfélagið Hornafjörður



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Austurlands
Bakka 1 765 Djúpavogi

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7 b
105 Reykjavík

Djúpivogur, 11. nóvember 2024
MÍ202410-0086/ 6.07 / Þ.E.H.

Efni: Breyting á tengingum hringvegur um Hornafjörð – tilkynning til ákvörðunar um matskyldu (1207/2024)

Minjastofnun Íslands hefur móttengið erindi Skipulagsstofnunar í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar um fyrirspurn um matsskyldu vegna breytingar á tengingum við hringveg um Hornafjörð (mál nr. 1207/2024). Hægt var að hlaða niður matskyldufyrirspurninni en hún er dagsett í október 2024.

Framkvæmdir eru í gangi við Hringveg um Hornafjörð og áformar nú Vegagerðin að gera hringtorg í stað tveggja T-gatnamóta, eins og fyrirbyggjandi hönnun tilgreinir, á vegkaflanum á milli Hafnar og Nesja. Tvær útfærslur eru til skoðunar, G og H tillögur.

Í kafla 7.2 er fjallað um áhrif á fornleifar. Þar segir að óskað hafi verið eftir álitum Minjastofnunar Íslands um tillögu að breyttum gatnamótum. Niðurstöður matsins eru þær að báðir valkostir koma til með að liggja í námunda við fornleifar sem þarf að taka tillit til við framkvæmdir og vera merktar. Áhrifin séu talin staðbundin og ekki líklegt til að rýra gildi fornleifa á svæðinu og eru áhrifin því metin óveruleg.

Athugasemdir Minjastofnunar Íslands:

Framkvæmdir vegna breytingar á hringveginum um Hornafjörð á sér langan aðdraganda. Árið 2006 vann Byggðasafn Skagfirðinga fornleifaskráningu vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda; *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar við Hornafjarðarfljót*. Fornleifavernd ríkisins, forveri Minjastofnunar Íslands, veitti umsögn um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna árið 2008 og síðan þá hefur Minjastofnun Íslands veitt nokkrar umsagnir til viðbótar um framkvæmdirnar. Með tölvubréfi þann 3. september 2024 lagði stofnunin mat sitt á þær tillögur sem hér er verið að vinna að.

Í greinargerð matsskyldufyrirspurnarinnar fylgja með upplýsingar um fyrirhugaða staðsetningu á hringtorgum G og H sem og nýjum vegtengingum. Einnig er þar afmarkað ákveðið svæði með rauðri línu.

Í greinargerðinni er vísað í svör stofnunarinnar varðandi tillögur um staðsetningu hringtorga sbr. fyrirnefndan tölvupóst. Eins og þar kemur fram eru fornleifar í nálægð við fyrirhuguð framkvæmdarsvæði samkvæmt báðum tillögnum. Vegtenging til suðurs samkvæmt tillögu G mun ná inn

Þuríður Elísa

Harðardóttir

Minjavörður Austurlands

thuridur@minjastofnun.is

fyrir friðhelgunarsvæði garðlags (Dilksnes 159472 20-4) og framkvæmdir samkvæmt tillögu H alveg nyrst er nálægt öðru garðlag (Dilksnes 159472 20-5). Taka þarf fullt tillit til þessara garðlaga við framkvæmdir og merkja þau með áberandi hætti á vettvangi meðan á framkvæmdum stendur sem og gera verktökum viðvart um þau svo þau raskist ekki af vangá. Nær þetta álit aðeins til hönnunar og útfærslu nýrrar vengtenginga og hringtorga.

Innan svæðisins sem er afmarkað með rauðri línu bætast við eftirfarandi fornleifar, bæjarstæði (Hafnarnes 159558 19-2), rétt (Hafnarnes 159558 19-5 og tóft (Hafnarnes 159558 19-6). Ekki er að sjá að þeim stafi hætta af hönnun hringtorga eða tengivega en þær eru innan þessa afmarkaða svæðis.

Stofnunin ítrekar að fornleifar eru víða í kringum fyrirhugað framkvæmdarsvæði. Með því að láta afstöðu allra fornleifa koma fram á verkeikningum er verið að upplýsa verktaka og aðra framkvæmdaraðila um tilvist þeirra. Með því og að merkja þær á vettvangi með skýrum hætti er verið að koma í veg fyrir að þær verði fyrir raski af vangá. Framkvæmdir munu eiga sér stað ekki langt frá gamla bæjarhól Hafnarness og er mikilvægt að þær nái ekki nær honum en þar hafa nú þegar gert og gert er ráð fyrir samkvæmt hönnun.

Minjastofnun Íslands telur að fyrir liggi fullnægjandi gögn um menningarminjar á fyrirhuguðu áhrifasvæði ofangreindrar framkvæmdar og um áhrif framkvæmdarinnar á þær. Stofnunin telur að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 stendur m.a.:

Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Einnig vekur stofnunin athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar sem hljóðar svo:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Nánari upplýsingar veitir undirrituð.

Virðingarfyllst,



Púriður Elísa Harðardóttir
Minjavörður Austurlands

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 7. nóvember 2024
Málsnúmer: 202410-0025
BK

Efni: Breyting á tengingum Hringvegar um Hornafjörð - Matsskyldufyrirspurn

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 9. október 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu vegna breytinga á tengingum Hringvegar um Hornafjörð. Vegagerðin áformar að gera hringtorg í stað tveggja T-gatnamóta á vegkaflanum á milli Hafnar og Nesja. Tvær útfærslur um hringtorg eru til skoðunar í matsskyldufyrirspurn.

Umrædd breyting er að mati Náttúrufræðistofnunar ekki það umfangsmikil að hún krefjist sérstaks umhverfismats umfram það sem þegar hefur verið gert í sambandi við færslu Hringvegarins um Hornafjörð. Stofnunin vill þó koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Færslu á Hringveginum fylgir mikið rask á verðmætum vistgerðum og þeim breytingum sem hér eru settar fram fylgir enn frekara rask á sjávarfitjum, meðal annars mjög fágætri vistgerð, gulstararfitjavist. Verndargildi hennar er mjög hátt og er vistgerðin á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Fram kemur að leirur verði ekki fyrir raski vegna breytingarinnar en samt sem áður liggja vegtengingarnar mjög nálægt leirum í Flóa, sem gæti haft neikvæð áhrif á þennan mikilvæga viðkomustað fugla.

Sjávarfitjar og leirur eru vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og forðast ber að raska þessum vistkerfum nema brýna nauðsyn beri til. Stofnunin vill því hvetja til þess að leitað verði annarra lausna en hér eru settar fram.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar